

Svalbarðsstrandarhreppur
Sigríður Hrefna Pálsdóttir
Ráðhúsinu
601 Akureyri

Reykjavík, 30. nóvember 2021
UST202111-226/A.B.
10.04.00

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Svalbarðsstrandahrepps 2008 - 2020 og nýju deiliskipulagi – Sólberg

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Svalbarðsstrandarhrepps er barst 23. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008 - 2020 og nýju deiliskipulagi fyrir Sólberg.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að skilgreina nýtt íbúðarsvæði fyrir fjórar lóðir og minnkar landbúnaðarland sem því nemur.

Landsskipulagsstefna

Þar sem skipulagstillagan tekur til íbúðarsvæðis utan þéttbýlisstaða sveitarfélagsins þá telur stofnunin mikilvægt að það komi fram í tillögunni hvernig hún samrýmist kafla 2.1.1 í Landskipulagsstefnu þar sem fjallað er um sjálfbæra byggð í skipulagsáætlunum, en þar segir: „Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.“

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur